

Nýr Landspítali: Sparnaður fyrir þjóðfélagið á erfiðum tímum

Nýr Landspítali

Jóhannes M. Gunnarsson
læknisfræðilegur verkefnisstjóri nýs Landspítala

Björn Zoëga
forstjóri Landspítala



Rekstrarlegur ávinningur sameiningar starfsemi Landspítala í Fossvogi og við Hringbraut með nýbyggingum spítalans er áætlaður 2,6 milljarðar á hverju ári. Með einfaldri deilingu má sjá að töf á nýbyggingu kostar samfélagið 7,1 milljón króna á hverjum sólarhring.

Margþættur ávinningur af nýbyggingu Landspítala
Í tvígang hafa reyndir erlendir rekstrar- og byggingaaðilar verið fengnir til að reikna hugsanlegan rekstraráæta af nýbyggingu Landspítala. Notuð hefur verið mismunandi nálgun við útreikninga en allt ber að sama brunni; það næst árleg rekstrarleg hagræðing upp á 2,6 milljarða hið minnsta.

Í hverju felst þessi mikli ávinningur? Tvöföldun á sjúkrahússtarfsemi annars vegar á Hringbraut og hins vegar í Fossvogi er dýr. Rannsóknarstofur, myndgreining, bráðamóttökur, skurðstofur, gjör-gæsla, og margt fleira er á báðum stöðum. Það er soun.

Einmenningsstofur með salerni og sturtu fyrir hvern sjúkling eru taldar auka byggingarkostnað spítalans um 5%. Á móti kemur mikill rekstrar-sparnaður sem felst í bættum meðferðarárangri. Spítalasykingum á deild með einbýlum sjúklinga fækkar um allt að 45%. Meðferð slíkra sýkinga er gífurlega kostnaðarsöm vegna þess hve lyfin eru dýr og iðulega þarf að loka rekstrarreiningum um lengri eða skemmri tíma meðan verið er að uppræta slíkar sóttkeikjur í umhverfinu. Legutími sjúklinga sem í þessu lenda lengist oft mikið og stöku sjúklingar lifa þessar sýkingar ekki af. Mistökum varðandi lyfjagjöf, sem eru algengustu mistök á spítölum,

fækkar og er dæmi um 70% fækkun slíkra mistaka á deildum þar sem eingöngu eru einbýli. Minni-háttar inngríp, skoðanir og viðtöl geta farið fram á sjúkrahúsfunni, sem fækkar mjög öllum flutningum á sjúklingum sem allt sparar tíma og fyrirhöfn.

Hægt að helminga göngutíma starfsfólks með betri hönnun og tæknilausnum

Í eldra húsnæði er samhengi hinna einstöku starfs-eininga og flæði óhagstætt. Miklu skiptir að allar ferðaleiðir starfsmanna og sjúklinga séu eins stuttar og mögulegt er og að ferðir og flutningar séu í lágmarki. Á hefðbundnum legudeildum verja starfs-menn í umönnun tæplega 30% af vinnutíma sínum til gangs til eða frá sjúklingi. Með bestu hönnun er hægt að minnka þennan tíma um nær því helming. Fullkomin tækni til flutninga s. s. sendingar sýna til rannsóknarstofa eða lyfja frá sjúkrahúsapóteki með rörpósti og sjálfvirkir flutningsvagnar fyrir lín- og matarflutninga sparar tíma fólks og eykur auk þess öryggi. Sama gildir um fullkomna upplýsingatækni og starfsaðstöðu almennt. Má þar nefna bein rafræn lyfjafyrirmæli frá legudeildum til sjúkrahúsapóteks sem tekur til sjálfvirkir og sendir strikemerkt og pökkuð lyf fyrir hvern sjúkling til sjúkradeildar á minna en 5 mínútum. Sorp er sent í sogkerfi til miðlægrar sorpstöðvar spítalans. Allt sparar þetta mannafla, flýttir verkum og eykur öryggi.

Nýbygging Landspítala þolir ekki frekari bið

Fjárfesting í húsnæði nýs Landspítala er nú metin á um 40 milljarða. Endurnýjun tækjabúnaðar upp á um 10 milljarða er óumflýjanleg á næstu 10 árum sama hvernig húsnæðismálum verður háttáð. Það er ekki valkostur að gera ekkert í húsnæðis-málum Landspítala. Samanburður valkosta sýnir að það er hagstæðara fyrir þjóðarþúið að ráðast í nýbygginguna og njóta hagkvæmninnar frekar en að vera áfram með óhagkvæman rekstur í núverandi byggingum með lágmarks endurbótum á þeim. Nýbygging Landspítala þolir enga frekari bið. Fyrir því liggja sterk fjárhagsleg, samfélagsleg og ekki minnst fagleg rök.

Trúfrelsi eða vantrú-ræði?

Trúmál

Jóhann Þorsteinsson
kennari



ólíkum heimilum og tilheyra ólík- um trúfélögum eða standa utan þeirra.

Bjarni er upptekinn af þeirri ógn sem skólaskarfi stendur af „gildis- hlöðnu boðunarstarfi trúfélaga“ en honum yfirsést sú mikilvæga stað- reynd að kennsla er í eðli sínu gild- ishlaðið starf og um það má lesa í fjölmörgum fræðigreinum. Skólinn er í sífellu að miðla gildum og það er hin sístæða glíma kennarans að forðast veg innrættingarinnar og efla með nemendum sjálfstæða og gagnrýna hugsun. Boð og bönn eru ekki farsæll farvegur fyrir mótun skólasamfélagsins. Þar er meiri þörf á trausti, faglegri for- ystu stjórnenda og opinni umræðu um þau gildi sem móta samfélag okkar. Með útilokun hins trúar- lega litrófs samfélagsins erum við



Boð og bönn eru ekki farsæll farvegur fyrir mótun skólasamfélagsins. Þar er meiri þörf á trausti...

sína, væntanlega í þeirri von að hafa megi áhrif á skoðanir fólks og réttlæta tilburði Mannrétt- indaráðs til að takmarka frelsi skólastjórnenda til samskipta við kirkjur og trúfélög. Hann kys að líta svo á að þeir fjölmörgu aðil- ar sem gert hafa athugasemdir við nýjar reglur Reykjavíkurborgar séu að berjast fyrir því að halda inni trúboði sem kirkjan hafi stundað í leik- og grunnskólum í einn til tvo áratugi. Það er barna- legt að halda því fram að gagn- rýnin sé til að reyna að viðhalda einhverjum nýjungum sem komið hafa fram á síðustu tuttugu árum.

Málið snýst vitanlega um það, og komst þess vegna í hámmáli á ný um jólin, að fjölmargir skólar hafa átt ánægjuleg og heilbrigð samskipti við presta og kirkjur í undirbún- ingi jólaanna og í því er ekki falið trúræði, líkt og Bjarni telur, heldur viðurkenning á því að kristni er sá siður sem öðrum fremur hefur mótað samfélag okkar í þúsund ár. Að fela kirkjuna fyrir nemendum, líta svo á að hún sé þeim hættuleg og starfsemi hennar brjóti á mann- réttindum er í raun alvarlegasta brotið sem við sem samfélag getum framið í þessum efnum. Vissulega skiptir máli í samskiptum skóla og kirkju að gætt sé að því að taka tillit til þess að nemendur koma frá

óhjákvæmilega að innræta nem- endum skólasamfélagsins heims- mynd hins trúlausa.

Að lokum get ég ekki annað en mótmælt þeirri fullyrðingu Bjarna að hann sé að kalla eftir raunveru- legu trúfrelsi. Það sem hann er að kalla eftir er að í skólum landsins sé raunverulegt vantrúráði. Síð- mennt hefur um margra ára skeið barist fyrir því að í opinberum skólum fari fram veraldlegt hlut- laust starf og þar stendur kannski hnifurinn í kúnni. Heimsmýnd sem í huga húmanistans er verald- leg og hlutlaus er ekki hlutlaus í huga kristins manns heldur er hún afhuga kristninni og sem slík er hún því hlutdræg.

Það er ekki þar með sagt að ég aðhyllist boðun trúar inni í skólum en heilbrigð samskipti við kirkjur og trúfélög eru af hinu góða. Raun- verulegt trúfrelsi er mér mikils virði, hver svo sem trúin er, og ég vil því að við sem samfélag stönd- um vörð um að virða og lyfta upp þörf einstaklingsins til að eiga sína trú, rækta hana og iðka, frjáls og án ótta.

Höfundur er menntaður grunn- skólakennari og starfaði sem slíkur í mörg ár. Jafnframt félagi í Gídeon og starfar í dag sem Svíðs- stjóri æskulýðssviðs KFUM og KFUK á Íslandi.

Ræðum efnisatriði ESB-aðildar

ESB-aðild

Kristján Vigfússon
kennari við Háskólann í Reykjavík



ríkisráðherra sem er svarinn and- stæðingur aðildar hefur viljað hraða viðræðunum og byrja strax á sam- ningnum um erfiðustu málaflokkana þ.e. landbúnað og sjávarútveg. Nálg- unin í samningunum hefur fram til þessa verið þveröfug.

Samningaviðræðurnar ganga út á að opna og ræða efnislega hvern kafla eða málaflokka sem sáttmál- ar Evrópusambandsins taka til. Nú fyrir áramót var búið að opna 11 af þessum 33 köflum og loka 8. Eftir eru 22 mismikilvægir kaflar. Gefið hefur verið út af utanríkisráðherra að fyrir mitt ár 2012 verði búið að opna alla kafla samningaviðræðn- anna. Þar skipta mestu máli kafl- arnir um landbúnað, gjaldmiðils- mál, byggðastefnu, orkumál og sjávarútveg en þeir hafa ekki enn verið opnaðir. Það eru í raun þeir kaflar sem virkilega þarf að semja um og líklegt er að samn- ingsaðilar hafi þegar mótað sér samnings- afstöðu í þessum málaflokkum og séu með ákveðin pólmörk í huga um hversu mikið megi gefa eftir svo um ásættanlega samninga sé að ræða.



Það eina sem kemur í veg fyrir að þessum samn- ingaviðræð- um ljúki fyrir kosningarnar 2013 eru þá heimatilbúin vandamál...

Smærri umsóknarríki hafa verið um tvö ár að semja

Ef skoðaður er sá tími sem hefur farið í samningaviðræð- ur einstakra smærri umsóknarríkja sem við höfum helst vilj- að bera okkur saman

við þá kemur í ljós að ekki hefur tekið nema að meðaltali um 2 ár að ljúka aðildarviðræðum frá upp- hafi til enda. Það tók Íra eitt og hálf ár að ljúka viðræðum. Svía, Finna og Austurríkismenn rúmt ár. Litháa, Letta, Slóvaka og Maltverja tæp tvö ár. Eista, Slóvena og Kýp- verja tók það tæp þrjú ár að semja en þar á bæ spiluðu inn í flókin

deilumál m.a. um stöðu minni- hlutahópa innan ríkjanna við ríki Evrópusambandsins.

Mikilvægt fyrir kjósendur að samningur liggja fyrir við alþingis- kosningarnar 2013

Það er ekkert sem segir að mál séu svo sérstök hér á landi að það eigi að taka lengri tíma fyrir Ísland að semja en áður nefnd ríki. Vorið 2013 verða liðin nær fjögur ár frá aðildarumsókn Íslands. Ef and- stæðingar ESB-aðildar hafa rétt fyrir sér þá er ekki um neitt að semja nema sameiginlegu landbún- aðar- og sjávarútvegsstefnuna eins og hún liggur fyrir og það ætti því ekki að taka langan tíma. Ef hins vegar Evrópusambandið er tilbúið til að slaka á kröfum um aðild að sameiginlegu landbúnaðar- og sjáv- arútvegsstefnunni gagnvart Íslandi þá er örugglega þegar búið að ræða það við stóra borðið í Brussel og útfæra hversu langt er hægt að ganga í því efni.

Loks hægt að rökræða efnisatriði

Nægur fjöldi sérfræðinga er hjá báðum aðilum í samninganeftund- um til að vinna hratt og vel og ljúka viðræðum á næstu 12 til 15 mánu- dóm. Það eina sem kemur í veg fyrir að þessum samningaviðræð- um ljúki fyrir kosningarnar 2013 eru þá heimatilbúin vandamál þar sem einstakir ráðherrar eða annar hvor ríkisstjórnarflokkurinn hefur hagsmuni af því að teftja málið.

Samningsaðilar hafa því tæplega eitt og hálf ár til að ljúka samn- ingum fyrir kosningar ef pólitískur vilji er fyrir hendi en auðfundið er að færa rök fyrir því að það sé mikilvægt fyrir kjósendur í þessu landi að samningum verði lokið fyrir næstu alþingiskosningar og efnisatriði aðildarsamnings verði til umræðu í kosningabaráttunni.

Það muni þá loksins verða hægt að takast á um Evrópumálin efnislega en ekki eins og fram til þessa fyrst og fremst á tilfinningaþrungnum þjóðernisnótum.

Snert Hörpu mína himinborna dís

Menning

Ólafur Hannesson
nemi við HÍ



upp og við berum kostnað af því sem þjóð. Þetta hús á að vera fyrir þjóðina alla, og eflaust er það hugsun þeirra er að húsinn standa. Ég vil því leggja til að stjórnendur Hörpunnar taki sig til og stofni til tónleikaraðar þar sem sveitum um allt land er boðið að halda tónleika í Hörpunni þeim að kostnaðarlausu. Er það von mín að Lúðrasveit Þorlákshafnar verði fengin til að hefja þá tónleikaröð og er ég þess hand- viss að sú sveit myndi sóma sér ákaflega vel í þeim salarkynnum sem í Hörpunni má finna.

Þessi tónleikaröð yrði til þess fallin að tengja landsbyggðina betur við húsíð og jafnframt að gefa þessum stórkostlegu sveit- um tækifæri til að spila í solum sem hæfa þeirra hæfileikum og gefa höfuðborgarþéttum tækifæri til að hlusta á þetta tónlistar- fólk sem fram hjá alltof mörgum fer. Davíð Stefánsson orti Snert hörpu mína himinborna dís, svo hlusti englar Guðs í paradís. Er ég þess viss að englar Guðs muni hlusta á, ef sveitir á borð við Lúðrasveit Þorlákshafnar spila í Hörpunni.

Ég er ekki stærsti aðdá- andi Hörpunnar sem var vígð á síðasta ári, en húsíð er nú komið